

Kópavogur 11.08.2016

3. Stjórnarfundur DESÍ

Mættir á fundinn eru Einar Guðnason, Kristinn Einarsson, Ólafur Ragnarsson og Þórgunnur Pétursdóttir.

Fundur er settur klukkan 16.

1. Heimasíðumál rædd. Aðkallandi að koma heimasíðu í loftið.
2. Ákveðið að útvega dúfur fyrir æfingar sem deildin ætlar að bjóða uppá á næstu dögum.
3. Sýningaþjálfanir verða haldnar á þriðjudögum og hefjast 2-3 vikum fyrir sýningar.
4. Farið yfir æfingagöngur haustsins.
5. Veiðipróf 2017 rædd, dagsetningar, fyrirkomulag prófa og dómarar.
6. Farið yfir sameiginlegan stjórnarfund sem haldinn verður með stjórn Vorstehdeildar 15. ágúst næstkomandi klukkan 20 á skrifstofu HRFÍ.
7. Ákveðið að fyrsta skrefið í að leita upplýsinga um heilbrigðiskröfur sem gerðar eru til tegundarinnar í Evrópu verði að setja okkur í samband við Blue Belton heimasíðuna.
8. Þorsteinn Friðriksson hefur tekið að sér gagnavörslu fyrir deildina. Hann hefur hafist handa við að raða upp gögnum í möppu og gengur sú vinna vel. Hann er einnig að koma gögnum á tölvutækt form. Afrit verða sett í Dropbox.

Fundi slitið klukkan 18.

F.h. stjórnar,

Þórgunnur E. Pétursdóttir.